

**Ávarp**  
**heilbrigðisráðherra vegna afhendingar styrkja til**  
**gæðaverkefni í heilbrigðisþjónustunni**  
**í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu**  
**mánudaginn 30. maí 2005 kl. 15:00**

\* \* \* \* \*

Ágætu styrkþegar og aðrir gestir.

Ég býð ykkur öll velkomin hingað til þessarar athafnar, en í dag eru afhentir styrkir til gæðaverkefna í heilbrigðisþjónustunni í fimmta sinn.

Alls hljóta 12 verkefni styrk að þessu sinni og er það eitt af ánægjulegri embættisverkum mínum að afhenda þessa árlegu gæðastyrki. Styrkirnir eru fyrst og fremst hugsaðir sem hvatningar- og viðurkenningarstyrkir og vona ég sannarlega að þeir nýtist sem slíkir.

Ég hef reyndar ekki ástæðu til að ætla annað því í ár var sótt um styrk til 49 verkefna og hefur fjöldinn aldrei verið meiri. Að baki hverri umsókn stendur gjarnan teymi fagfólks og er óhætt að segja að fjölbreytileikinn sé mikill. Mörg verkefni sneru að klínískri vinnu með sjúklingum, önnur að aðstandendum og starfsmönnum en einnig voru verkefni á sviði:

stefnumótunar,  
skráningar og kóðunar,  
gerð fræðslubæklinga,  
sýkingavarna og gæðaeftirlits,  
forvarna,  
skólaheilsugæslu,  
rafræna samskipta við skjólstæðinga og svo mætti lengi telja.

Allur þessi fjöldi og fjölbreytileiki gæðaverkefna ber vitni um hinn mikla faglega metnað sem ríkir meðal starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar sem ég verð svo ofsinnis var við og er ég þakklátur fyrir það. Listi yfir öll 49 verkefni hefur verið settur inn á gæðavef ráðuneytisins en þar eru ýmis verkefni sem ekki fengu styrk en voru sannarlega verðug.

Það vekur ef til vill athygli ykkar hér á eftir, þegar styrkirnir verða afhentir, hversu margir styrkir renna til Landspítala – háskólasjúkrahúss, en ég vil upplýsa það hér að umsóknafjöldi þaðan hefur aldrei verið meiri og bærust að þessu sinni alls 26 umsóknir þaðan eða ríflega helmingur umsókna.

Ég held að óhætt sé að álykta að þetta endurspegli öflugt gæðastarf innan spítalans, en jafnframt það að menn eru í auknum mæli að færa vinnu sína við ýmis konar umbætur og eflingu þjónustunnar að hugmynda- og aðferðafræði gæðastjórnunar.

Mig langar til að geta þess hér að upphaf gæðastyrkjanna má rekja til samþykktar gæðaáætlunar heilbrigðisráðuneytisins haustið 1999. Nú um nokkurt skeið hefur staðið yfir endurskoðun á þessari áætlun og mun ný stefna, sett fram af ráðuneytinu og Landlæknisembættinu sameiginlega, líta dagsins ljós á haustdögum. Nokkur breyting verður á áherslum sem helgast fyrst og fremst af því að mikið vatn hefur runnið til sjávar og mörg af þeim markmiðum sem sett voru í gæðaáætlun ráðuneytisins hafa náðst.

Aðrar áherslur hafa einnig komið fram og nefni ég þar sérstaklega öryggi sjúklinga en á síðustu árum hafa komið fram upplýsingar bæði frá Bandaríkjunum og Evrópu um fjölda andláta á sjúkrahúsum vegna ýmis konar mistaka. Mistaka sem oftast en ekki eru kerfismistök sem unnt er að leiðrétta. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur ákveðið að beita sér sérstaklega fyrir eflingu

öryggis sjúklinga á komandi misserum og það er nú til skoðunar hér í ráðuneytinu hvaða leiðir vænlegastar eru fyrir okkur að fara til að stuðla að auknu öryggi sjúklinga hér á landi.

Góðir gestir .

Ég ætla ekki að hafa þessu tölu lengri en heldur vinda mér í afhendingu styrkjanna. Við munum hafa þann háttinn á að ég bið umsækjanda að koma hér og taka við styrk og segja um leið stuttlega frá verkefni sínu.

--

Ég þakka fyrir og verð að segja að það er uppörvandi að hlusta á hversu mikill hugur er í fólki að gera sífellt betur og leita fjölbreyttra leiða til að svo megi verða. Ég er sannfærður um að verkefnið ykkar munu leiða til bættrar þjónustu við sjúklingana sem er jú markmið okkar allra.

Ég býð ykkur nú að þiggja veitingar og ég vona að við munum eiga hér ánægjulega samverustund á eftir.

Gjörið þið svo vel.